

s.l., hefur hann lagzt í óreglu, og leikur grunur á, að hann hafi verið í akstri bifreiðar, enda keypti hann sér bifreið, er hann kom suður.

Dómaranum er kunnugt um, að samkvæmt spjaldskrá lögreglunnar hefur hann a. m. k. einu sinni í maí verið kærður fyrir réttindaleysi við akstur, en ekki hefur sú skýrsla enn borizt dóm-inum, svo vitað sé.

Föstudaginn 9. júlí s.l. kom faðir Björns, Gísli Björnsson, til rannsóknarlögreglunnar og kærði yfir framferði Björns, sem hann kvað vera stórhættulegan umhverfi sínu.

Eins og fram kemur í skýrslu Gísla Björnssonar, hefur Björn hótað foreldrum sínum líkamsmeiðingum.

Með hliðsjón af framansögðu og tilvísun til 1. og 6. t.l. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 82/1961 þykir nauðsyn til bera að úrskurða kærða Björn Hallgrím Gíslason í gæzluvarðhald, enda eru skilyrði 65. gr. stjórnarskrárinnar því ekki til fyrirstöðu.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Rétt þykir að ákveða með vísan til 2. t.l., d liðar, 75. gr. laga nr. 82/1961, að Björn Hallgrímur gangist undir rannsókn á andlegri heilbrigði sinni, á meðan hann sætir gæzluvarðhaldi.

Úrskurðarorð:

Kærði, Björn Hallgrímur Gíslason, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 30 dögum og gangist undir rannsókn á andlegri heilbrigði sinni á gæzluvarðhaldstímanum.

Mánudaginn 9. ágúst 1971.

Nr. 101/1971. Valdstjórnin
 gegn
Herði Ólafssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfisvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 21. júlí 1971, sem barst Hæstarétti 22. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga

nr. 40/1968, sbr. XXI. kafla laga nr. 82/1961, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og honum dæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði.

Hvorki kröfur né greinargerð hafa borizt frá saksóknara ríkisins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 20. júlí 1971.

Árið 1971, þriðjudaginn 20. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Hreini Sveinssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau eftir gögnum málsins, að lögreglubifreið með þrem lögreglumönnum veitti bifreiðinni R 5674 eftirför um nokkrar götur í Reykjavík í byrjun nætur 30. maí s.l. Virtist lögreglumönnum of margir farþegar vera í bifreiðinni, og var því gefið stöðvunarkerki og bifreiðin stöðvuð á Kalkofnsvegi. Segir í skýrslu lögreglunnar, að haft hafi verið tal af ökumanni, sem sýndist vera undir áhrifum áfengis. Auk þess hafi verið í bifreiðinni 5 sjóliðar. Var ætlaður ökumaður færður fyrir aðalvarðstjóra á lögreglustöðina og kvaðst þar aðspurður heita Hörður Ólafsson, til heimilis að Álfheimum 56, fæddur 12. september 1921. Í skýrslu varðstjóra er skráð jákvætt svar við spurningu hans um það, hvort yfirheyrði hafi verið að aka bifreið, en neikvætt svar við spurningunni um undanfarandi vinneyzlu.

Í blóðsýnishorni, merktu 333 og talið er varða nefndan Hörður Ólafsson, fundust „reducerandi“ efni, er samsvara 1.17% af alkóhóli.

Við yfirheyrslu í sakadómnum hafa 2 af lögreglumönnum þeim, sem stóðu að stöðvun bifreiðarinnar R 5674 í greint sinn, borið, að Hörður Ólafsson hafi ekið henni, en hinn þriðji telur, að sá, sem handtekinn var, hafi ekið henni, hann muni þó ekki nákvæmlega eftir atvikum. Þá hafa 2 af fyrrgreindum lögreglu-

mönnum borið, að hann hafi haft lítils háttar ölvunareinkenni.

Engin deili eru kunn á sjóliðum þeim, sem í bifreiðinni R 5674 voru í greint sinn, hvorki nöfn þeirra né heimili.

Hörður Ólafsson hefur við yfirheyrslu í sakadóminum viðurkennt vinnneyzlu fyrir og vináhrif við gagnsetningu, sem hann framkvæmdi á vél bifreiðarinnar R 5674 skömmu fyrir handtöku sína í greint sinn, en hann neitar því að hafa ekið bifreiðinni þá. Var hann með ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík sviptur ökuleyfi til bráðabirgða hinn 29. júní s.l. Hefur hann óskað úrskurðar sakadóms um þá ákvörðun.

Mál þetta er enn á rannsóknarstigi, en með vísan til gagna málsins, framburða vitna og magns þeirra „reducerandi“ efna, sem mældust í blóðsýnishorni, merktu 333, úrskurðast hér með, sbr. 6. mgr. 81. gr. umferðarlaganna nr. 40/1968, að fyrrgreind ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík frá 29. júní s.l. um ökuleyfissviptingu Harðar Ólafssonar til bráðabirgða skuli óbreytt standa.

Ályktarorð:

Bráðabirgðaökuleyfissvipting Harðar Ólafssonar, Álfheimum 56, Reykjavík, gerð af lögreglustjóranum í Reykjavík 29. júní s.l., skal óbreytt standa.

Miðvikudaginn 22. september 1971.

Nr. 129/1971. Landeigendafélag Laxár og Mývatns
gegn
Laxárvirkjun.

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómaramirnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og
Logi Einarsson og prófessor Gaukur Jörundsson og Þórður
Björnsson yfirsakadómari.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 21. gr., 1. tl., c., sbr. e., laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar